

166 tekjumissi, sem fyrir hann kynni að leiða af öðrum ákvörðunum nefndra laga, hefir ráð-
 17. okt. gjafinn samkvæmt tillögum yðar ákveðið, að hið umrædda endurgjald skuli vera 1443 kr. 19 a. árlega.

Jafnframt því að tjá yður hið framanskráða til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknarlega hlutast til þess, að nefnd upphæð sje greidd úr jarðabókarsjóði hinum núverandi sóknarpresti á Vestmannaeyjum með $\frac{1}{12}$ á mánuði hverjum frá 1. janúar 1879.

167 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppboðslaun. — Í
 19. okt. þóknarlegu brjefi frá 31. ágúst síðastl. hafið þjer, herra landshöfðingi, að gefnu tilefni af hinum setta sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og sýslumanninum í Húnavatns-sýslu, borið upp fyrir ráðgjafanum ýmsar spurningar lútandi að uppboðslögunum, og læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður í andsvara skyni til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir.

Þar sem hinn setti sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir beiðzt þess, að honum yrði borgaðar úr landssjóði 5 kr., sem ferðakostnaður, er honum beri fyrir uppboðshald, hlýtur ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma um það, að engin lagaheimild sje til fyrir því að leggja kostnað þenna á landssjóð. Ekki heldur er nein heimild fyrir því, er sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hefir farið fram á, að leggja það á hlutaðeigandi uppboðsbeiðanda að borga slíkan kostnað, og skal þess að öðru leyti getið, að hinn síðarnefndi embættismaður eins og allir aðrir valdsmenn, sem hafa fengið laun sín ákveðin eptir meðaltali tekna sinna fjárhagsárin 1871—75 virðist að hafa öðlazzt fullt endurgjald fyrir tekjur þær, sem þeim hingað til hafa borið af uppboðum, þar sem þær hafa verið afdráttarlaust teknar til greina, þá er tekið var meðaltalið af nefndum tekjum.

Að því er þessu næst snertir spurninguna um rjett hreppstjóra til launa þeirra, er þeim eru veitt í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. september 1830 fyrir að halda lítillfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og eptir umboði hans, hlýtur ráðgjafinn að fallast á skoðun þá, sem þjer herra landshöfðingi, hafið látið í ljósi, að lögin frá 14. desember f. á. virðist ekki hafa ætlað að breyta þessu fyrirkomulagi. Þar sem þjer herra landshöfðingi í sambandi hjer við hafið látið þá ætlun yðar í ljósi, að það gæti verið nú þegar ástæða til að gjöra ákvörðun, þar sem tiltekin væru ákveðin takmörk fyrir því, hversu stór þau uppboð mættu vera, sem hreppstjórum hjer á eptir mætti fela á hendur að halda og taka sölulaun af, lætur ráðgjafinn ekki hjálíða að athuga, að slíkri breytingu á hinni nefndu grein í aukatekjureglugjörðinni — þó ekki sje haft tillit til þeirra örðugleika, sem því mundi vera samfara, að ákveða slík takmörk — gæti í engu falli orðið á komið nema með lögum; en til þess þó svo mikið sem auðið er að aptra því, að þessari ákvörðun verði ranglega beitt, vildi jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, leggið fyrir amtmennina að hafa eptirlit með því, að sýslumennirnir láti hreppstjóra því að eins halda uppboð, að þeir geti ekki sjálfir framkvæmt gjörðina og gætt sje hinna skilyrðanna í 71. gr. aukatekjureglugjörðarinnar. Auk þess má álíta það vel viðeigandi, að skipa sýslumönnum í hvert sinn, er þeir fela hreppstjórum á hendur uppboðshald, að geta um ástæðuna til þess, og láta rita þar að lútandi athugasemd í uppboðsgjörðarbókinni.